


## Vegvísir til vina – Find your friends

Sótt er um leyfi til að setja upp vegvísi fyrir framan ráðhúsið sem vísar á tíu vinabæi Hafnarfjarðarbæjar um víða veröld til þess að gera vinabæina og samstarfið við þá sýnilegra. Til stendur að vegvísirinn verði afhjúpaður á opunarathöfn vinabæjarmóts norrænu vinabæjarkeðjunnar 1. júní 2017, á 109 ára afmælisdegi bæjarins, en þá verða fulltrúar frá Uppsala í Svíþjóð, Frederiksberg í Danmörku, Bærum í Noregi, Hämeenlinna í Finnlandi og Tartu í Eistlandi viðstaddir.



Vegvísirinn samanstendur af tíu steyptum skiltum úr áli, eitt skilti fyrir hvern bæ með heiti vinabæjanna með svörtum stöfum á hvítum grunni og fjarlægð til þeirra í kílómetrum auk þjóðfána viðkomandi lands. Skilti viðkomandi vinabæjar vísar í ákveðna átt skv. meðfylgjandi mynd.



### Listi yfir vinabæina:

Frederiksberg, Danmörku 2104 km	Akureyri, Íslandi 255 km
Uppsala, Svíþjóð 2085 km	Ilulissat, Grænlandi 1389 km
Bærum, Noregi 1740 km	Cuxhaven, Þýskalandi 2061 km
Hämeenlinna, Finnlandi 2352 km	Tvöroyri, Færeyjum 816 km
Tartu, Eistlandi 2612 km	Baoding, Kína 7975 km